

Skipulagsráð Akureyrarbæjar
Bt. Pétur Ingi Haraldsson
Geislagötu 9
600 Akureyri

Akureyri 1.11.2021

Umsókn um reit C í deiliskipulagi Háskólasvæðis við Norðurslóð

Undirritaður fyrir hönd Þekkingarvarða óskar eftir heimild til að fá reit C á svæði Háskólans á Akureyri til deiliskipulags fyrir þekkingargarða samkvæmt áður kynntum hugmyndum. Ekki er um formlega lóðarumsókn að ræða þar sem svæðið er ekki deiliskipulagt og því engar lóðir til að sækja um. Verkefnið er í samræmi við notkun þessa reits samkvæmt gildandi Aðalskipulagi Akureyrarbæjar. Til stendur að fara í formlegt valferli á samstarfsaðila vegna byggingar sem verður svo leigð út til aðila sem falla undir tilgreind skilyrði Þekkingarvarða. Með afhendingu svæðis til Þekkingarvarða er okkur mögulegt að fela væntanlegum byggingaraðila að hanna deiliskipulag samhliða hönnun húsnæðisins og fá það samþykkt samhliða lóðarumsókn fyrir bygginguna.

Þann 15. júlí sl. voru hugmyndir þessar kynntar í bæjarráði en við óskum eftir að fá lóðina fyrir bygginguna án gatnagerðargjalda í anda þess sem Vísindagarðar í Vatnsmýri fá með niðurfellingu byggingarréttargjalds í Reykjavík. Við viljum því jafnframt sækja um það formlega að sú lóð sem hönnuð verði á ofangreindu deiliskipulagi verði afhent byggingaraðila án gatnagerðargjalds.

Komið hefur fram í samtölum okkar við Dan Brynjarsson að til að slíkt gangi upp verði að tryggja að húsnæðið verði hvorki notað til undirboða á leigumarkaði né heldur verði eignin seld á almennum markaði. Til að koma til móts við það verður gert formlegt hluthafasamkomulag milli aðstandenda Þekkingarvarða sem felur í sér að ekki sé heimilt undir nokkrum kringumstæðum að selja þessa eign á almennum markaði. Þekkingarvörður hefur forkaupsrétt að húsnæðinu út samningstíma. Með þessu móti teljum við geta komið til móts við eðlilegar áherslur Akureyrarbæjar og jafnframt komið þessu verkefni í farveg með lægri byggingarkostnaði og þar með samkeppnisfærri leigu til fyrirtækja og stofnana inn á Háskólasvæðinu.

Markmiðið með byggingu þekkingargarða við Háskólann á Akureyri er að skapa kjarna með öflugra þekkingarsamfélagi á Akureyri, tengja saman háskólasamfélagið og atvinnulíf með aðstöðu fyrir m.a.

frumkvöðla og sprotafyrirtæki. Nú þegar hafa fyrirtæki lýst yfir áhuga á því að setja sig niður á þekkingargörðunum. Þekkingargarðar munu þannig stuðla að uppbyggingu fjölbreyttara atvinnulífs á Akureyri.

Fyrir hönd Þekkingarvarða ehf.



Hólmur Erlu Svansson
Stjórnarformaður

Viðhengi: Meðfylgjandi yfirlýsing HA um heimild til Þekkingarvarða að hefjast handa við deiliskipulag